

Leyfi **til töku efnis af hafsbótnei í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi**

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbótneisins veitir Orkustofnun hér með Áseli ehf., kt. 560500-3510, Sindragötu 27, 400 Ísafirði, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til töku efnis sem nánar er tilgreind í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæði sem tilgreint er í 2. gr. og á því tímabili sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út til töku efnis sem nota á í steypu vegna jarðgangnagerðar í Óshlíð, milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbótneisins svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbótnei og takmarkast við allt að 15.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði, sbr. 2. gr. leyfisins. Rúmmál efnis skal mælt við uppðælingu þess.

2. gr.

Efnistökusvæði

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbótnei norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Efnistökusvæðið er merkt inn á meðfylgjandi kort sem telst til hluta leyfisins. Umrædd efnistaka er heimiluð á svæði sem afmarkast af eftirfarandi hnitum (ÍSN93):

	$X_{(ÍSN93)}$	$Y_{(ÍSN93)}$
1	316862	615984
2	316846	615724
3	317097	615708
4	317114	615968

3. gr.

Gildistími

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 1. júlí 2009. Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

4. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu. Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

5. gr.

Upplýsingagjöf

Leyfishafi skal mánaðarlega senda Orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið hefur verið. Leyfishafi skal taka fjögur sýni af efninu sem næst hnitpunktum efnistökusvæðisins, sbr. 2. gr. Gera skal Orkustofnun grein fyrir stærð hvers sýnis og staðsetningu í hnitakerfinu ÍSN93. Gerðar skulu kornastærðar- og berggreiningar á hverju sýni. Niðurstöðum greininga og túlkun á þeim skal skila til Orkustofnunar eigi síðar en 1. júlí 2009.

6. gr.

Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

7. gr.

Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistökkuna. Leyfishafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um efnistöku samkvæmt leyfi þessu.

8. gr.

Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæðið, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska eigi neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

9. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

10. gr.

Afturköllun


Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í því.

11. gr.

Leyfisgjald

Í samræmi við 36. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 110.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.

Orkustofnun, 14. janúar 2009



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri



Leyfi til töku efnis af hafsbotni í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi - fylgiskjal 1



MS